

Góðan dag,

Hér á eftir fara athugasemdir frá RÚV vegna endurskoðunar kosningalaga. Athugasemdirnar miðast sérstaklega við þær hugmyndir sem þegar liggja fyrir í tillögum og frumvörpum frá 2016.

### **Starfshópur um endurskoðun kosningalaga**

Fyrst ber að þakka fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum varðandi endurskoðun kosningalaga.

Þær athugasemdir sem hér eru raktar eru fyrst og fremst út frá hagsmunum fjölmiðla enda hafa þeir mikilvægu hlutverki að gegna við hverjar kosningar. Enginn fjölmiðill ber þó jafn ríkar skyldur og Ríkisútvarpið (RÚV) sem skv lögum 23/2013 ber að kynna framboð, helstu stefnumál og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Það skal veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín í hefðbundnum dagskrártíma í sjónvarpi. Heimilt er að takmarka útsendingartíma þeirra framboða sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í. Samkvæmt þjónustusamningi RÚV við mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu skal RÚV birta reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag eða, ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara, eigi síðar en tveimur vikum eftir að boðað er til kosninga.

### **Frestir**

Í alþingiskosningum er framboðsfrestur einungis 15 dagar. Því ber að fagna áformum um að lengja framboðsfrestinn í 36 daga en með því gefst svigrúm fyrir fjölmiðla til að kynna framboð í dagskrá sinni eftir að ljóst verður hverjir bjóða endanlega fram. Eins og fyrirkomulagið hefur verið, sérstaklega eftir að framboðum tók að fjölga mjög undanfarin ár, hefur fréttastofa RÚV þurft að byrja að kynna framboð með formlegum hætti nokkuð áður en framboðsfrestur rann út og þá í óvissu um það hvort framboðin sem verið var að kynna næðu að bjóða fram í öllum kjördæmum. Þetta vandamál er ekki til staðar í kosningum til sveitarstjórna eða forsetakosningum.

### **Miðlæg birting framboðslista**

Þegar framboðsfrestur rennur út vilja kjósendur – og þess vegna fjölmiðlar – geta sagt strax frá því hvaða listar bjóða fram í hverju kjördæmi (með fyrirvara um staðfestingu á gildi lista). Því er fagnað að skv tillögum eigi Landskjörstjórn að auglýsa lista 30 dögum fyrir kjördag en ekki 10 dögum fyrr. Huga mætti að því hvort þessar upplýsingar ætti ekki að birta á vef Landskjörstjórnar eða öðrum miðlægum stað eins fljótt og auðið er eftir að framboðsfrestur rennur út.

Fyrir hverjar sveitarstjórnakosningar hefur farið mikil vinna fjölmiðla í að safna saman upplýsingum um öll framboð í öllum sveitarfélögum. Fyrir kosningarnar 2018 var þessum upplýsingum safnað saman á einn stað (<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=4d85604e-e71d-41d8-a72a-7dca44cb141e>). Þetta var kærkomin þjónusta við kjósendur og fjölmiðla og íhuga mætti hvort festa ætti í sessi.

### **Starf kjörstjórna**

Starfsmenn fréttastofunnar, sem skipuleggja kosningaumfjöllun, hafa rekið sig á að kjörstjórnir virðast ekki samræma að öllu leyti störf sín. Sem dæmi má nefna að það er allur gangur á því að kvöldi kjördags hvort kjörstjórnir byrja að flokka kjörseðla fyrir lokun kjörstaða eða ekki og ef þær byrja að flokka seðlana þá hversu nákvæmlega það er gert. Því er þess vegna fagnað að Landskjörstjórn fái aukið samhæfingarhlutverk. Þetta er mikilvægt til að tryggja að niðurstöður berist fyrr til kjósenda.

### **Talning atkvæða**

Síðustu ár hefur talning atkvæða dregist mjög á langinn (og að sama skapi útsending kosningasjónvarps) en fyrir því eru nokkrar ástæður. Kjörstjórnir telja ekki atkvæði fyrr en kjörfundi er lokið, kjörstaðir eru víðast opnir lengi (til 22), talið er á einum stað í hverju kjördæmi og það er tímafrekt að safna kjörgögnum saman á þann stað. Það er því til mikilla bóta að heimila kjörstjórnnum að hefja talningu og flokkun áður en kjörstöðum er lokað. Eins mætti taka til skoðunar hvort telja ætti á fleiri en einum stað í víðfemustu kjördæmunum.

### **Miðlun talna/niðurstaðna**

Það vekur undrun að ekkert skuli koma fram í nógildandi lögum eða tillögum til breytinga á kosningalögum um það hvernig kjörstjórnir skila af sér niðurstöðum eftir að atkvæði hafa verið talin. Reynslan er sú að tilkynnt hefur verið um skiptingu atkvæða í hverju kjördæmi en engar upplýsingar birtar á vegum hins opinbera fyrr en talsvert seinna. Kjósendur geta því ekki fengið neinar upplýsingar um niðurstöður kosninga nema frá fjölmiðlum sem hafa mismikla möguleika til að flytja

fréttir af gangi mála meðan á talningu stendur. Dæmi eru um að fjölmiðlum beri ekki saman um stöðuna meðan á talningu stendur.

Það er hér með lagt til að Landskjörstjórn verði falið að reka vef þar sem fram kemur staða á landsvísu eftir því sem talningu vindur fram. Kjörstjórnir hefðu það hlutverk að færa tölur inn í þar til gerða gátt allt þar til talningu yrði lokið. Þar væri kominn opinber vettvangur sem bæði kjósendur og allir fjölmiðlar geta nýtt til að greina frá úrslitum kosninga. Sambærilegur vefur var notaður í þingkosningum á Grænlandi fyrir stuttu. Vefinn má sjá hér <https://www.valg.gl/> Jafnframt mætti hugsa sér að hægt væri að nýta sams konar vef í forsetakosningum og sveitarstjórnakosningum. Þetta myndi draga úr álagi á formenn kjörstjórna sem hafa þurft að vera í miklum samskiptum við fjölmiðla á kosninganótt. Því miður hafa þau samskipti ekki alltaf verið jákvæð og formenn kjörstjórna jafnvel komið illa frá þeim í beinni sjónvarpsútsendingu.

Ef frekari upplýsinga er þörf er sjálfsagt að verða við því.

Heiðar Örn Sigurfinnsson

Varafréttastjóri RÚV og ritstjóri kosningaumfjöllunar RÚV frá 2014.

Sækja [Outlook for Android](#)